



MMF 03.004 Lökkun nýrra hurða, karma og lista innanhúss, heilspörtlun.

1. Lakka yfir kvisti, tvær umferðir.
2. Grunna.
3. Slípa.
4. Blettspartla með lakkspartli og slípa.
5. Heilspartla og slípa.
6. Heilspartla og slípa.
7. Grunna.
8. Slípa undir lakk.
9. Kítta þar sem við á.
10. Lakka með glans eða möttu lakki.
11. Slípa létt og afþurrka með klút.
12. Lakka með glans eða möttu lakki.
13. Frágangur og tiltekt.

Hurðarspjöld mælast í fermetrum, mæla skal báðar hliðar og kanta.

Taka þarf fram hvort hurðarspjöld séu slétt, yfirfelld eða með spjöldum.

Karmar og listar mælast í lengdarmetrum.

Taka þarf fram ef karmar eru með hvelfdum eða margbrotnum áfellum (gereftum).

Gefa þarf upp breidd karms og áfellu (gerefti).